



HAFNARFJÖRÐUR



Ársskýrsla vegna málefna dagforeldra skólaárið 2018-2019



Inngangur

Markmið skýrslunnar er að greina frá starfsemi sem fellur undir starf daggæslufulltrúa á liðnu skólaári. Þar kemur inn á starfsemi dagforeldra, tölulegar upplýsingar, samstarf og fleira sem máli skiptir fyrir áframhaldandi starf daggæslufulltrúa og endurmat á þjónustu við foreldra og dagforeldra.

Upplýsingar um starf daggæslufulltrúa

Nýr daggæslufulltrúi tók við stöðunni 1. september 2018 og hlaut vikulanga þjálfun hjá fráfarandi fulltrúa. Örar mannabreytingar hafa verið í starfinu undanfarið og kunna að vera margar skýringar á því. Handbók daggæslufulltrúa sem til var var orðin úrelt og því var hún einungis gagnleg að hluta. Almennur hluti hennar um starf daggæslufulltrúa kom að góðum notum, en leiðbeiningar er snúa að tölvukerfi og innfærslu samninga í bókhaldskerfi var ekki nýtilegur. Nýr daggæslufulltrúi uppfærði handbókina og þó hún sé lifandi skjal, var hún eins vel uppfærð og tók voru á.

Breytingar á gjaldskrá

Engar breytingar á gjaldskrá urðu á vetrinum. Bærinn felldi úr gildi heimild til niðurgreiðslu vegna barna í vistun hjá öðrum en dagforeldrum. Var þetta ákvörðun því nóg framboð var af dagforeldraplássum á haustönn.

Innritanir hjá dagforeldrum/pláss hjá dagforeldrum

Að hausti fylltu flestir dagforeldrar pláss sín. Yfir veturinn urðu einhverjar breytingar á barnahóp dagforeldra, en þó óverulegar.

Ávallt reynist erfitt að greina og fylgjast með stöðu biðlista þar sem dagforeldrar sjá sjálfir um innritun barna og hefur það fyrirkomulag ekki breyst frá því sem áður var. Umræða hélt áfram um að dagforeldrar hefðu aðgang að sameiginlegum skráningalista í skýi þar sem hægt væri að hafa yfirsýn yfir hve mörg börn eru á biðlista. Þessi hugmynd hafði áður verið reifuð við dagforeldra og ræddi daggæslufulltrúi um að koma þessu í framkvæmd. Daggæslufulltrúi stofnaði skráningarskjal á Google svæði sem auðveldaði dagforeldrum að skrá inn börn á biðlista. Sá listi var ekki notaður af dagforeldrum þrátt fyrir hvatningu daggæslufulltrúa.

Bærinn hætti að bjóða upp á vistun barna hjá öðrum en dagforeldrum. Ástæðan var fyrst og fremst sú að einhvers misskilnings gætti oft vegna niðurgreiðslu og upp komu erfið dæmi þar sem gæsluaðili fékk of mikið greitt og reyndist þá erfitt að endurheimta það. Vinna í kringum slíka samninga var oft tímafrek eða flækti starf daggæslufulltrúa. Ef bjóða á upp á slíkt á ný þarf að setja skýrar reglur um niðurgreiðslur og jafnvel þarf daggæslufulltrúi að ræða sjálfur við hvern og einn gæsluaðila til að ganga úr skugga um að reglur séu skýrar.

Fjöldi barna sem leitaði til dagforeldra utan sveitarfélagsins jókst eftir því sem á veturinn dró þar sem dagforeldrar í Hafnarfirði hafa almennt börn hjá sér í heilan vetur. Þeir foreldrar sem leita að dagforeldraplássi á miðjum vetri lenda þá oft í vandræðum með að finna sér dagforeldri í bænum. Margir leita þá til annarra sveitarfélaga eftir dagforeldri. Hafnfirskir dagforeldrar voru með nokkur börn úr öðrum sveitarfélögum í gæslu hjá sér.



HAFNARFJÖRÐUR

Fjöldi starfandi dagforeldra og barna í vistun hjá dagforeldrum

Mánuður	Fjöldi dagforeldra í Hafnarfirði	Fjöldi barna í dagvistun hjá dagforeldri í Hafnarfirði	Fjöldi barna hjá ættingja	Fjöldi hafnafirskra barna í vistun dagforeldra utan Hafnarfjarðar	Fjöldi Hafnafirskra barna í dagvistun
September	35*	152	1	8	142
Janúar	35*	152	0	18	142
Maí	37**	158	0	27	167

* Þar af voru 4 dagforeldrar í leyfi.

** Þar af voru 2 dagforeldrar í leyfi.

Samvinna dagforeldra og Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar

Í upphafi vetrar bauð skrifstofa Fræðslu- og frístundapjónustu dagforeldrum afnot af húsnæði við Haukakraun sem áður hýsti ungbarnaleikskólann Bjarma. Í heimsóknum daggæslufulltrúa til dagforeldra seinna um haustið lýstu dagforeldrar ánægju sinni með fyrirkomulagið og kölluðu staðinn „Stubbakot“. Fyrirkomulagið var þannig að dagforeldrar skráðu sig á ákveðnar vikur og voru þá allt upp undir 3 dagforeldrar saman í hverri viku. Þarna skapaðist tækifæri fyrir dagforeldra að skipta um umhverfi og þeir sem starfa einir geta fengið tækifæri til að vera með öðrum í styttri tíma.

Fjöldi dagforeldra

Eitt nýtt dagforeldri bættist í hópinn í nóvember, annað í mars og þriðja í apríl. Einhverjar fyrirspurnir bárust frá áhugasömum aðilum sem vildu gerast dagforeldrar. Endurnýjanir voru sex og þar af voru tveir dagforeldrar sem fengu endurnýjun en höfðu verið með bráðabirgðaleyfi til eins árs. Í töflunni fyrir ofan má sjá fjölda starfandi dagforeldra. Nokkuð var um að dagforeldrar ætluðu að hætta í lok vetrar eða fara í leyfi en von var um einhverja fjölgun einnig.

Endurmenntun – skipulagsdagar

Haustið 2018 var haldinn skipulagsdagur í Menntasetrinu við Lækin og fengu dagforeldrar til sín fulltrúa frá Barnavernd með fræðslu um hvernig vinnslu mála væri háttað hjá þeim, auk annars. Einnig var haldið skyndihjálparnámskeið. Á skipulagsdegi að vori kom sálfræðingur og hélt fyrirlestur um svefn ungra barna í samstarfi við skrifstofu Fræðslu- og frístundasviðs. Mikil ánægja var hjá dagforeldrum með fyrirlesturinn.

Eftirlit og ráðgjöf

Eftirlit var með hefðbundnum hætti. Óháður eftirlitsaðili fór í óboðaðar heimsóknir en að auki fór daggæslufulltrúi í boðaðar heimsóknir þar sem dagforeldrar gátu rætt ýmis mál og fengið ráðgjöf. Í haustheimsókn daggæslufulltrúa afhenti hann m.a. gátlista vegna málproska ungra barna sem dagforeldrar höfðu fengið kynningu á skipulagsdegi vorinu áður. Í dagforeldrahópnum mátti heyra mikla ánægju með framlag bæjarins varðandi „Stubbakot“ en einnig var almenn ánægja með gátlistann. Skipulögð vorheimsókn daggæslufulltrúa fór fram í maí og var hún nýtt í almennt spjall. Í dagforeldrahópnum mátti heyra áhyggjur um að þau væru að fara að missa aðgang að Stubbakoti og



HAFNARFJÖRÐUR

vildu heyra hvort bærinn gæti boðið upp á geymslu fyrir húsbúnað og annað sem þau hafa sankað að sér fyrir Stubbakotið.

Kvartanir

Einhverjar fyrirspurnir bárust eins og fyrri ár vegna fría og gjalda dagforeldra. Ein kvörtun frá foreldri varðandi leyfi dagforeldris í desember leiddi af sér að foreldrar sögðu upp plássinu og ákváðu að hafa barnið heima hjá móður sem gat hagrætt vinnu. Daggæslufulltrúi ræddi bæði við foreldra og dagforeldrið og niðurstaðan var sú að foreldrar greiddu rétt gjald fyrir mánuðinn og allir virtust sáttir að lokum.

Einnig kom upp óánægja í foreldrahópi um fyrirkomulag 15 mánaða niðurgreiðslu. Í ljós kom að sumir dagforeldrar eru með lága gjaldskrá og þegar 15 mánaða niðurgreiðsla bætist við verður mánaðargjaldið lægra en sem nemur leikskólagjöldum. Almennt hefur verið talið að ekki sé æskilegt að dagforeldrar séu að rukka minna en jafnvirði leikskólagjalda á mánuði og því hafa nokkrir dagforeldrar brugðið á það ráð að hækka sína gjaldskrá við 15 mánaða aldur barnsins til að stemma stigum við því. Dagforeldrar eru sjálfstæðir verktakar og hafa heimild til að ráða sinni verðskrá, svo framalega sem foreldrar séu upplýstir um það frá byrjun. Daggæslufulltrúi ræddi við alla dagforeldra og bað um að skýrt yrði tekið fram við upphaf dvalar barna hvert gjaldið væri og hvort búast mætti við einhverjum breytingum á gjaldskránni yfir veturinn.


Umsýsla vegna niðurgreiðslu dagvistunargjalda

Daggæslufulltrúi tók upp lítillega breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu til dagforeldra. Áður fór daggæslufulltrúi til bókara með leiðréttingar fyrir hver mánaðarmót þar sem bókari og daggæslufulltrúi sátu saman og færðu inn leiðréttingar sem gera þurfti. Fyrirkomulaginu var breytt þannig að daggæslufulltrúi sendir nú tölvupóst til bókara jafnóðum og breytingar/leiðréttingar berast og bókar bókari það strax. Nýja fyrirkomulagið hefur reynst vel og er tímasparandi fyrir alla aðila.

Eftir uppfærslu á bókhaldskerfi eru ekki lengur sendir launaseðlar til dagforeldra í hverjum mánuði eins og áður var. Nokkrir dagforeldrar hafa lýst yfir óánægju með þetta en í nýju bókhaldskerfi er þessi möguleiki ekki fyrir hendi. Í lok vetrar kom í ljós að ein dagmóðir hafði ekki fengið endurgreiðslu fyrir eitt barn allan veturinn og þurfti að leiðrétta marga mánuði aftur í tímann. Daggæslufulltrúi mun ítreka við dagforeldra ábyrgð þeirra að fylgjast með greiðslum til sín og að allir samningar hafi borist.

Samstarf og samvinna við önnur sveitarfélög

Daggæslufulltrúi mætti á sameiginlegan starfsdag daggæslufulltrúa landsins að hausti sem haldinn var í Garðabæ. Byrjað var á því að fara í heimsókn í ungubarnaleikskólann Sunnuhvol í Hnoðraholti. Þar ræddi Jónína Guðrún leikskólastjóri við fundarkonur um þarfir yngstu barnanna eftir skemmtilega skoðunarferð um skólann. Að því loknu var haldið á bæjarskrifstofur Garðarbæjar þar sem fundur var haldinn. Var hann um margt gagnlegur þar sem daggæslufulltrúar hvaðanæva af landinu gátu ráðið ráðum sínum og leitað ráða hver hjá öðrum. Á fundinum komu fram áhyggjur daggæslufulltrúa af því að vinna við nýja reglugerð hefði ekki enn farið í gang og ritaði fundurinn áskorun þess efnis sem afhenda átti til ráðuneytisins. Næsti fundur var áætlaður á Austurlandi.



HAFNARFJÖRÐUR

Samantekt

Á undanliðnum vetri hef ég, undirrituð daggæslufulltrúi, lært nýtt starf og aðlagað ýmislegt því sem mér hefur fundist mátt fara betur. Starfið er fjölbreytt en ekki tímafrekt og hefur mikill hluti starfsins farið í að uppfæra handbók og/eða taka til í gögnum. Samstarfið við dagforeldrana gengur vel og heyra mátti ugg í dagforeldrum í heimsóknum mínum vegna örra mannabreytinga í starfi daggæslufulltrúa undanfarið. Dagforeldrar eru vanir að vera sjálfstæðir og heyrast vel á þeim að þeir kunna við það á þann veg. Nauðsynlegt er þó að hafa eftirlit og einhvern tengilið sem foreldrar geta leitað til vegna kvartana eða til að fá upplýsingar. Erfitt getur þó verið að vera bæði eftirlitsaðili og samstarfsaðili dagforeldranna og þarf að vanda sig til að halda góðu sambandi við þau.

Starfið krefst þannig bæði hæfileika til mannlegra samskipta, góðrar dómgreindar og kunnáttu í skriffinnsku, reglugerðum og tölvuvinnslu.

Framundan er annar vetur sem gefur tækifæri á frekari vinnu og mun ég meðal annars hafa í huga að undirbúa skoðanakönnun meðal foreldra og jafnvel meðal dagforeldra um störf dagforeldra og fyrirkomulag dagforeldrakerfisins í Hafnarfirði.

Hafnarfirði, 8. ágúst 2019

Hildur Arnar Kristjánsdóttir, daggæslu- og innritunarfulltrúi

